





Vatnsmýrarvegur 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Páls V. Bjarnasonar, dags. 12. janúar 2026, ásamt bréfi Park teiknistofu, dags. 12. janúar 2026, um breytingu á deiliskipulagi Umferðarmiðstöðvarreits vegna lóðarinnar nr. 10 við Vatnsmýrarveg, sem felst í að setja upp rafrænt skilti í stað núverandi skiltis, samkvæmt fyrirspurnaruppd. Park, dags. 9. október 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Vatnsmýrarveg 10 borgarhluta 2 Miðborg og er hluti af miðsvæði - M5b, BSÍ reitur.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir staðgreinisreit 1.622. umferðarmiðstöð, , samþykkt í borgarráði 28. nóvember 1995, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 10 við Vatnsmýrarveg er umferðarmiðstöð, BSÍ, sem byggð var árið 1966.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að koma fyrir stafrænu auglýsingaskilti á vesturgafli hússins, í stað skiltis sem er þar í dag. Skv. fyrirspurnaruppd. Park, dags. 9. október 2025 yrði skiltið 4.8 m breitt og 3.52 m hátt eða 16.9 m².

Um svæði M5b, BSÍ reitur segir í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040:

Einkum verslun, þjónusta og skrifstofur, auk samgöngumiðstöðvar. Mikilvægt er að á svæðinu byggist upp fjölbreytt starfsemi og þjónusta sem styður við og þróast samhliða uppbyggingu miðstöðvar fyrir almenningsamgöngur. Við gerð deiliskipulags á svæðinu verði haft samráð við Landspítala og Háskóla Íslands.

3.6. Stafræn auglýsingaskilti m. hreyfimyndum



- Leyfilegt er að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en 10m² ef að fyrir sé sambærilegt skilti s.s. fléttiskilti, eða ef deiliskipulag heimili slík skilti. Slík skilti mega þó ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísun og öðrum umferðarbúnaði en 20m. Byggingarfulltrúa er heimilað að veita undanþágu frá þeirri reglu ef um er að ræða skóla, íþróttafélög eða aðrar sambærilegar stofnanir en þau skilti skulu fylgja reglum þessarar samþykktar.
- Hreyfimyndir og myndbönd eru óheimil.
- Líða þurfa að minnsta kosti átta sekúndur á milli mynda/skilaboða á fletti- og stafrænum skiltum. Skal ein sekúnda fara í að dofna milli auglýsinga, þ.e.a.s. 0,5 sek fara í að fyrri auglýsing dofna út og 0,5 sek fara í að ný auglýsing tekur við. Í kjölfarið tekur við 8 sek auglýsingatími.
- Stafræn skilti skulu vera óvirk milli klukkan frá klukkan 22:00 til 07:00.
- Frekari umfjöllun um heimildir fyrir smærri stafræn auglýsingaskilti m. hreyfimyndum koma fram í kafla um landnotkun.

Niðurstaða

- Í stuttu máli

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri



Reykjavík